

Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpvogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. ágúst 2015
UST201507-106/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020. Breytt lega hringvegur um Berufjarðarbotn

Vísað er til erindis sveitarstjóra Djúpavogshrepps er barst 16. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020, breytt lega Hringvegur um Berufjarðarbotn, lína Z.

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020

Í lýsingu kemur fram að í tillögu að breyttu aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 felst breyting á veglínu um Berufjarðarbotn, þ.e. að upphaf veglínu verði í grennd við Reiðeyri og að veglínan þveri Berufjörð á grjótvörðum fyllingum á um 0,88 km löngum kafla. Einnig kemur fram að á um 220 m löngum kafla mun veglínan fara yfir leirur í botni fjarðarins og að gert er ráð fyrir a.m.k. 50 m langri brú sem er áætlað að muni tryggja full vatnsskipti sjávarfalla og óhindrað rennsli Berufjarðarar til sjávar.

Veglína Z


Í ofangreindri lýsingu segir að í álit Skipulagsstofnunar frá apríl 2011 komi fram að veglína Z muni hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins og verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á leirur og fugla. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað verði um ofangreint álit Skipulagsstofnunar og mótvægisáðgerðir vegna hinna neikvæðu áhrifa.

Námur


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um hvaða efnistökusvæði er áætlað að nýta ef til framkvæmdar veglínu Z kemur.

Brúarop

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að brúaropið verði nægilega stórt svo vatnsskipti verði næg fyrir lífríki innan brúar. Í lýsingu kemur fram að brú er áætluð 50 m löng. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ákvörðun um lengd brúar sé rökstudd.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur